



HJÁLP AÐ OFAN

Samansett af Watson Goodman

Okeypis-ekki til sölu

HJÁLP AÐ OFAN

„*Hjálp að ofan*” er samansafn af tengdum ritningarversum frá ýmsum hlutum Biblíunnar. Ég trúi því að besta skýringin á ritningargreinum sé Biblían sjálf.

Orð Guðs koma „að ofan” og þau eru mjög hjálpsöm þeim hjörtum sem hungrar og þyrstir í réttlæti. Þegar einstaklingur iðrast, hættir að syndga, býður Drottni Jesú Kristi inn í hjarta sitt, og trúir með öllu hjarta sínu á Drottinn Jesú Krist sem frelsara sinn, mun Drottinn birtast honum og gefa til hjarta hans sína eigin gleði og frið. Ég fékk að reyna þetta árið 1937 og hef notið yndislegs félagsskapar við Drottinn síðan þá. Ég hvet þig til að gefast Honum STRAX, sem Frelsara þínum og Drottni, hafir þú ekki gert það nú þegar.

—Watson Goodman (1920-2002)

Ritningartextinn er úr íslensku 1981 útgáfu biblíunnar.

En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum. —Rm 5:8

Í því birtist kærleikur Guðs meðal vor, að Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að vér skyldum lifa fyrir hann. —1Jh 4:9

„Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína.” —Jn 15:13

Og frá Jesú Kristi, sem er votturinn trúi, frumburður

dauðra, höfðinginn yfir konungum jarðarinnar. Hann elskar oss og leysti oss frá syndum vorum með blóði sínu. —Opb 1:5

Úr fjarlægð birtist Drottinn mér: „Með ævarandi elsku hefi ég elskað þig. Fyrir því hefi ég látið náð mína haldast við þig.” —Jer 31:3

„Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.” —Jn 3:16

Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð. Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð, sem sonurinn eini á frá föðurnum.

—Jn 1:1, 14

Og víst er leyndardómur guðhræðslunnar mikill: Hann opinberaðist í holdi, var réttlættur í anda, birtist englum, var boðaður með þjóðum, var trúað í heimi, var hafinn upp í dýrð. —1 Tm 3:16

Allt varð þetta til þess, að rætast skyldu orð Drottins fyrir munn spámansins: „Sjá, mærin mun

þunguð verða og son ala. Nafn hans mun vera Immanúel,” það þýðir: Guð með oss. —Mt 1:22, 23

„Ég og faðirinn erum eitt.”

—Jn 10:30

Jesús svaraði: „Ég hef verið með yður allan þennan tíma, og þú þekkir mig ekki, Filippus? Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn. Hvernig segir þú þá: „Sýn þú oss föðurinn”? Trúir þú ekki, að ég er í föðurnum og faðirinn í mér? Orðin, sem ég segi við yður, tala ég ekki af sjálfum mér. Faðirinn, sem í mér er, vinnur sín verk.”

—Jn 14:9, 10

Og engillinn sagði við hana: „Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig. Fyrir því mun og barnið verða kallað heilagt, sonur Guðs.” —Lk 1:35

Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi. —Jes 9:6

Meðan hann var enn að tala, skyggði yfir þá bjart ský, og rödd úr skýinu sagði: „Þessi er minn

elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!”

—Mt 17:5

Hinn svaraði: „Herra, hver er sá, að ég megi trúá á hann?” Jesús sagði við hann: „Þú hefur séð hann, hann er sá sem er nú að tala við þig.” —Jn 9:36, 37

Því að í honum býr öll fylling guðdómsins líkamlega.

—Kól 2:9

Hver sem játar, að Jesús sé Guðs sonur, í honum er Guð stöðugur og hann í Guði.

—1Jh 4:15

4 JESÚS SEGIR OKKUR, HVER HANN ER

En hann sagði við þá: „Þér eruð neðan að, ég er ofan að. Þér eruð af þessum heimi, ég er ekki af þessum heimi.” Jesús sagði við þá: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Áður en Abraham fæddist, er ég.” —Jn 8:23, 58

Konan segir við hann: „Ég veit, að Messías kemur-það er Kristur. Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra oss allt.” Jesús segir við hana: „Ég er hann, ég sem við þig tala.” —Jn 4:25, 26

„Meðan ég er í heiminum, er ég ljós heimsins.” —Jn 9:5

Jesús sagði þeim: „Ég er brauð

lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir.”

—Jn 6:35

Því sagði Jesús aftur: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Ég er dyr sauðanna.” —Jn 10:7

„Þér kallið mig meistara og herra, og þér mælið rétt, því það er ég.” Jesús mælti: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi.” Jesús segir við hann: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig.” —Jn 13:13; 11:25; 14:6

NOKKUR KRAFTAVERK JESÚ

5

Og hann bauð fólkinu að setjast í grasið. Þá tók hann brauðin fimm og fiskana tvo, leit upp til himins, þakkaði Guði, braut brauðin og gaf lærisveinunum, en þeir fólkinu. Og þeir neyttu allir og urðu mettir. Og þeir tóku saman brauðbitana, er af gengu, tólf körfur fullar. En þeir, sem neytt höfðu, voru um fimm þúsund karlmenn, auk kvenna og barna. —Mt 14:19-21

Símon svaraði: „Meistari, vér höfum stritað í alla nótt og ekkert fengið, en fyrst þú segir það, skal ég leggja netin.” Nú

gjörðu þeir svo, og fengu þeir þá mikinn fjölda fiska, en net þeirra tóku að rifna. —Lk 5:5, 6

Tveir menn blindir sátu þar við veginn. Þegar þeir heyrðu, að þar færi Jesús, hrópuðu þeir: „Herra, miskunna þú okkur, sonur Davíðs!” Jesús sagði: „Hvað viljið þið að ég gjöri fyrir ykkur?” Þeir mæltu: „Herra, lát augu okkar opnast.” Jesús kenndi í brjósti um þá og snart augu þeirra. Jafnskjótt fengu þeir sjónina og fylgdu honum. —Mt 20:30 og 32b-34

6 JESÚS KRISTUR ER SKAPARI OG ER HERRA

Hann hefur frá eilífð verið hulinn í Guði, sem allt hefur skapað. —Ef 3:9b

Enda var allt skapað í honum í himnunum og á jörðinni, hið sýnilega og hið ósýnilega, hásaeti og herradómar, tignir og völd. Allt er skapað fyrir hann og til hans. —Kól 1:16

Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er. —Jn 1:3

Guð... en nú í lok þessara daga hefur hann til vor talað í syni sínum, sem hann setti erfingja allra

hluta. Fyrir hann hefur hann líka heimana gjört. —Heb 1:1a, 2

Og sérhver tunga játa Guði föður til dýrðar: Jesús Kristur er Drottinn. —Fl 2:11

Því að til þess dó Kristur og varð aftur lifandi, að hann skyldi drottna bæði yfir dauðum og lifandi. —Rm 14:9

Trúr er Guð, sem yður hefur kallað til samfélags sonar síns Jesú Krists, Drottins vors. —1Kor 1:9

JESÚS KRISTUR ER DÓMARI ALLRA 7

En þú, hví dæmir þú bróður þinn? Eða þá þú, hví fyrirlítur þú bróður þinn? Allir munum vér verða að koma fram fyrir dómstól Guðs. —Rm 14:10

Fyrir augliti Guðs og Krists Jesú, sem dæma mun lifendur og dauða, með endurkomu hans fyrir augum og ríki hans heiti ég á þig. —2Tm 4:1

„Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu. Allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum, og hann mun skilja hvern frá

öðrum, eins og hirðir skilur sauði frá höfrum.” —Mt 25:31, 32

„Enda dæmir faðirinn engan, heldur hefur hann falið syninum allan dóm.” —Jn 5:22

Það verður á þeim degi, er Guð, samkvæmt fagnaðarerindi mínu, er ég fékk fyrir Jesú Krist, dæmir hið dulda hjá mönnum. —Rm 2:16

„Og hann bauð oss að prédika fyrir lýðnum og vitna, að hann er sá dómari lifenda og dauðra, sem Guð hefur fyrirhugað.” —P 10:42

„Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga.” —Jn 10:9

„Ekki er hjálpraðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld, sem getur frelsað oss.” —P 4:12

Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð, og þeir réttlætast án verðskuldunar af náð hans fyrir endurlausnina, sem er í Kristi Jesú. —Rm 3:23, 24

„Þess vegna sagði ég yður, að þér munduð deyja í syndum yðar. Því ef þér trúið ekki, að ég sé sá sem

ég er, munuð þér deyja í syndum yðar.” —Jn 8:24

Þess vegna getur hann og til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð, þar sem hann ávallt lifir til að biðja fyrir þeim. —Heb 7:25

Jesús segir við hann: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig.” —Jn 14:6

Guð hefur ekki ætlað oss til að verða reiðinni að bráð, heldur til að öðlast sáluhjálp fyrir Drottin vorn Jesú Krist. —1P 5:9

Honum er það að þakka að þér eruð í samfélagi við Krist Jesú. Hann er orðinn oss vísdómur frá Guði, bæði réttlæti, helgun og endurlausn. —1Kor 1:30

Hann gaf sjálfan sig fyrir oss, til þess að hann leysti oss frá öllu ranglæti og hreinsaði sjálfum sér til handa eignarlýð, kostgæfinn til góðra verka. —Tt 2:14

Lifið í kærleika, eins og Kristur elskaði oss og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir oss svo sem fórnargjöf, Guði til þægilegs ilms. —Ef 5:2

Þakkað föðurnum, sem hefur gjört yður hæfa til að fá hlutdeild í arfleifð heilagra í ljósinu. Hann hefur frelsað oss frá valdi myrkursins og flutt oss inn í ríki síns elskaða sonar. Í honum eigum vér endurlausnina, fyrirgefningu synda vorra. —Kól 1:12-14

Og þeir syngja nýjan söng: Verður ert þú að taka við bókinni og ljúka upp innsiglium hennar, því að þér var slátrað og þú keyptir menn Guði til handa með blóði þínu af sérhverri kynkvísl og tungu, lýð og þjóð. —Opb 5:9

Þar sem vér nú erum réttlættir fyrir blóð hans, því fremur mun hann frelsa oss frá reiðinni.

—Rm 5:9

Í honum, fyrir hans blóð eigum vér endurlausnina og fyrirgefningu afbrota vorra.

—Ef 1:7

„Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda.“

—Mt 26:28

Þér vitið, að þér voruð eigi leystir með hverfulum hlutum, silfri eða gulli, frá fánýtri hegðun yðar, er þér höfðuð að erfðum tekið frá feðrum yðar, heldur

með blóði hins lýtalausa og óflekkaða lambs, með dýrmætu blóði Krists.

—1Pt 1:18, 19

En ef vér göngum í ljósinu, eins og hann er sjálfur í ljósinu, þá höfum vér samfélag hver við annan og blóð Jesú, sonar hans, hreinsar oss af allri synd.

—1Jh 1:7

Hve miklu fremur mun þá blóð Krists hreinsa samvisku vora frá dauðum verkum, til að þjóna Guði lifanda, þar sem Kristur fyrir eilífan anda bar fram sjálfan sig sem lýtalausa fórn fyrir Guði.

—Heb 9:14

Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því.

—Ef 2:8, 9

Réttlættir af trú höfum vér því frið við Guð fyrir Drottin vorn Jesú Krist.

—Rm 5:1

Í Kristi Jesú er ekkert komið undir umskurn né yfirhúð, heldur undir trú, sem starfar í kærleika.

—Gl 5:6

Þá sögðu þeir við hann: „Hvað eigum vér að gjöra, svo að vér

vinnum verk Guðs?” Jesús svaraði þeim: „Þetta er verk Guðs, að þér trúið á þann, sem hann sendi.”

—Jn 6:28, 29

„Trú þú á Drottin Jesú, og þú munt verða hólpinn og heimili þitt.”

—P 16:31b

Því að allt, sem af Guði er fætt, sigrar heiminn, og trú vor, hún er sigurinn, hún hefur sigrað heiminn.

—1Jh 5:4

En þetta er ritað til þess að þér trúið, að Jesús sé Kristur, sonur Guðs, og að þér í trúnni eigið líf í hans nafni.

—Jn 20:31

12 MISKUNN GUÐS

Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, faðir miskunnsemdanna og Guð allrar huggunar. —2Kor 1:3

Hver er slíkur Guð sem þú, sá er fyrirgefur leifum arfleifðar sinnar misgjörð þeirra og umber fráhrarf þeirra, - sem eigi heldur fast við reiði sína eilíflega, heldur hefir unun af að vera miskunn-samur? —Mík 7:18

Ég vil lofa þig meðal lýðanna, Drottinn, vegsama þig meðal þjóðanna, —Sl 108:4

Náð Drottins er ekki þrotin,

miskunn hans ekki á enda, hún er ný á hverjum morgni, mikil er trúfesti þín! —Hl 3:22, 23

Heldur svo hár sem himinninn er yfir jörðunni, svo voldug er miskunn hans við þá er óttast hann. En miskunn Drottins við þá er óttast hann varir frá eilífð til eilífðar, og réttlæti hans nær til barnabarnanna. —Sl 103:11, 17

Þá frelsaði hann oss, ekki vegna réttlætisverkanna, sem vér höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunn sinni í þeirri laug, þar sem vér endurfæðumst og heilagur andi gjörir oss nýja. —Tt 3:5

GUÐ BÝÐUR OKKUR AÐ KOMA TIL SÍN 13

„Komið, eigumst lög við! - segir Drottinn. Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.” —Jes 1:18

Og andinn og brúðurin segja: „Kom þú!” Og sá sem heyrir segi: “Kom þú!” Og sá sem þyrstur er, hann komi. Hver sem vill, hann fær ókeypis lífsins vatn. —Opb 22:17

„Heyrið, allir þér sem þyrstir eruð, komið hingað til vatnsins, og þér sem ekkert silfur eigið,

komið, kaupið korn og etið! Komið, kaupið korn án silfurs og endurgjaldslaust bæði vín og mjólk!” —Jes 55:1

Síðasta daginn, hátíðardaginn mikla, stóð Jesús þar og kallaði: „Ef nokkurn þyrstir, þá komi hann til mín og drekki.” —Jn 7:37

Þegar Jesús sá það, sárnaði honum, og hann mælti við þá: „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki.” —Mk 10:14

Af þessu eru augljós börn Guðs og börn djöfulsins. Sá sem iðkar ekki réttlætið og elskar ekki bróður sinn heyrir ekki Guði til.

—1 Jh 3:10

Því að allir þeir, sem leiðast af anda Guðs, þeir eru Guðs börn. En þér hafið ekki fengið anda, sem gjörir yður að þrælum að lifa aftur í hræðslu, heldur hafið þér fengið anda, sem gefur yður barnarétt. Í þeim anda köllum vér: „Abba, faðir!”

—Rm 8:14, 15

Til þess að þér verðið óaðfinnanlegir og hreinir, flekklaus

Guðs börn meðal rangsnúinnar og gjörspilltrar kynslóðar. Þér skínið hjá þeim eins og ljós í heiminum.

—Fl 2:15

Þess vegna segir Drottinn: „Farið burt frá þeim, og skiljið yður frá þeim. Snertið ekki neitt óhreint, og ég mun taka yður að mér og ég mun vera yður faðir, og þér munuð vera mér synir og dætur, segir Drottinn alvaldur.”

—2Kor 6:17, 18

En öllum þeim, sem tóku við honum, gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim, er trúá á nafn hans.

—Jn 1:12

Þegar hann var að leggja af stað, kom maður hlaupandi, féll á kné fyrir honum og spurði hann: „Góði meistari, hvað á ég að gjöra til þess að öðlast eilíft líf?” Jesús sagði við hann: „Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. Þú kannt boðorðin: ‚Þú skalt ekki morð fremja, þú skalt ekki drýgja hór, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, þú skalt ekki pretta, heiðra föður þinn og móður.’ ” Hinn svaraði honum: „Meistari, alls þessa hef ég gætt frá æsku.” Jesús horfði á hann með ástúð og sagði við hann:

„Eins er þér vant. Far þú, sel allt, sem þú átt, og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni. Kom síðan, og fylg mér.” En hann varð dapur í bragði við þessi orð og fór burt hryggur, enda átti hann miklar eignir.

—Mk 10:17-22

Þeir segjast þekkja Guð, en afneita honum með verkum sínum. Þeir eru viðbjóðslegir og óhlýðnir, óhæfir til hvers góðs verks.

—Tt 1:16

Margur vegurinn virðist greiðfær, en endar þó á helslóðum.

—Ok 16:25

Villist ekki! Guð lætur ekki að sér hæða. Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera.

—Gl 6:7

Börnin mín, látið engan villa yður. Sá sem iðkar réttlætið er réttlátur, eins og Kristur er réttlátur. Hver sem synd drýgir heyrir djöflinum til, því að djöfullinn syndgar frá upphafi.

—1Jh 3:7, 8a

Vitið þér ekki, að ranglátir munu ekki Guðs ríki erfa? Villist ekki! Hvorki munu saurlífismenn né skurðgoðadýrkendur, hörkarlar né kynvillingar, þjófar

né ásælnir, drykkjumenn, lastmálir né ræningjar Guðs ríki erfa.

—1Kor 6:9, 10

Enginn tæli yður með marklausum orðum, því að vegna þessa kemur reiði Guðs yfir þá, sem hlýða honum ekki.

—Ef 5:6

Verðið gjörendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess, ella svíkið þér sjálfa yður.

—Jk 1:22

Sá sem þykist vera nokkuð, en er þó ekkert, dregur sjálfan sig á talar.

—Gl 6:3

HVAÐ SEGIR GUÐ UM STERKT ÁFENGI 17

Holdisins verk eru augljós: Frillulífi, óhreinleiki, saurlífi, skurðgoðadýrkun, fjölkynngi, fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokka-dráttur, öfund, ofdrykkja, svall og annað þessu líkt. Og það segi ég yður fyrir, eins og ég hef áður sagt, að þeir, sem slíkt gjöra, munu ekki erfa Guðs ríki. —Gl 5:19-21

Framgöngum sómasamlega eins og á degi, ekki í ofáti né ofdrykkju, ekki í saurlífi né svalli, ekki í þrætu né öfund. Íklæðist heldur Drottni Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu, svo að það verði

til að æsa girndir. —Rm 13:13, 14

Vei þeim, sem rísa árla morguns til þess að sækjast eftir áfengum drykk, sem sitja fram á nótt eldrauðir af víni. —Jes 5:11

Horf þú ekki á vínið, hve rautt það er, hversu það glóir í bikarnum og rennur ljúflega niður. Að síðustu bítur það sem höggormur og spýtir eitri sem naðra. —Ok 23:31, 32

Vínið er spottari, sterkur drykkur glaumsamur, og hver sá, er drukkinn reikar, er óvitur.

—Ok 20:1

Syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann og dauðinn fyrir syndina, og þannig er dauðinn runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað. —Rm 5:12

Þegar girndin síðan er orðin þunguð, elur hún synd, og þegar syndin er orðin fullþroskuð, fæðir hún dauða. —Jk 1:15

Hyggja holdsins er dauði, en hyggja andans líf og friður. Hyggja holdsins er fjandskapur gegn Guði, með því að hún lýtur ekki lögmáli Guðs, enda getur hún það ekki. —Rm 8:6, 7

„Sá maður, sem syndgar, hann

skal deyja. Sonur skal eigi gjalda misgjörðar föður síns og faðir skal eigi gjalda misgjörðar sonar síns. Ráðvendni hins ráðvanda skal koma niður á honum og óguðleiki hins óguðlega skal koma niður á honum.”

—Esk 18:20

Hver sem færir fórnir nokkrum guði, öðrum en Drottni einum, skal bannfærður verða.

—2M 22:20

Laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.

—Rm 6:23

Að svo mæltu hrópaði hann hárrí röddu: „Lasarus, kom út!” Hinn dáni kom út vafinn líkblæjum á fótum og höndum og með sveitadúk bundinn um andlitið. Jesús segir við þá: „Leysið hann og látið hann fara.”
—Jn 11:43, 44

Og hann gekk að og snart líkborurnar, en þeir, sem báru, námu staðar. Þá sagði hann: „Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!” Hinn látni settist þá upp og tók að mæla, og Jesús gaf hann móður hans. —Lk 7:14, 15

„Fyrir því elskar faðirinn mig,

að ég legg líf mitt í sölurnar, svo að ég fái það aftur. Enginn tekur það frá mér, heldur legg ég það sjálfur í sölurnar. Ég hef vald til að leggja það í sölurnar og vald til að taka það aftur. Þessa skipan fékk ég frá föður mínum.”

—Jn 10:17, 18

En að anda heilagleikans með krafti auglýstur að vera sonur Guðs fyrir upprisu frá dauðum.

—Rm 1:4

Dauðinn er síðasti óvinurinn, sem verður að engu gjörður.

—1Kor 15:26

[Drottinn sagði,] „Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig.

Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér, engar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eða því, sem er á jörðu niðri, eða því, sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég....

Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að Drottinn mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma.

Gættu þess að halda hvíldardaginn heilagan, eins og Drottinn Guð þinn hefir boðið þér. Sex daga

skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk....

Heiðra föður þinn og móður þína, eins og Drottinn Guð þinn hefir boðið þér....

Þú skalt ekki morð fremja.

Þú skalt ekki drýgja hór.

Þú skalt ekki stela.

Þú skalt ekki bera falsvitni gegn náunga þínum.

Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, og ekki ágirnast hús náunga þíns, ekki land hans, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á.” —5M 5:7-21

MAÐUR GETUR EKKI DULIST FYRIR GUÐI 21

„Því að augu Guðs hvíla yfir vegum hvers manns, og hann sér öll spor hans. Ekkert það myrkur er til eða sú niðdimma, að illgjörðamenn geti falið sig þar.”

—Jb 34:21, 22

Getur nokkur falið sig í fylgsnum, svo að ég sjái hann ekki? - segir Drottinn. Uppfylli ég ekki himin og jörð? - segir Drottinn.

—Jer 23:24

Hvert get ég farið frá anda þínum og hvert flúið frá augliti þínu? Þótt ég stigi upp í himininn, þá ertu þar, þótt ég gjörði undirheima að hvílu minni, sjá, þú ert

þar. Þá myndi þó myrkrið eigi verða þér of myrkt og nóttin lýsa eins og dagur, myrkur og ljós eru jöfn fyrir þér. —Sl 139:7, 8, 12

Augu Drottins eru alls staðar, vakandi yfir vondum og góðum.

—Ok 15:3

Enginn skapaður hlutur er honum hulinn, allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum vér reikningsskil að gjöra. —Heb 4:13

„Því að ekkert er hulið, sem eigi verður opinbert, né leynt, að eigi verði það kunnugt og komi í ljós.”

—Lk 8:17

„Mannssonurinn mun senda engla sína, og þeir munu safna úr ríki hans öllum, sem hneykslunum valda og ranglæti fremja, og kasta þeim í eldsofninn. Þar verður grátur og gnístran tanna.”

—Mt 13:41, 42

Drottinn er kunnur orðinn: Hann hefir háð dóm, hinn óguðlegi festist í því, er hendur hans höfðu gjört. [Strengjaleikur. Sela]

—Sl 9:17

En þeir himnar, sem nú eru ásamt jörðinni, geymast eldinum fyrir hið sama orð og varðveitast til þess dags, er óguðlegir menn

munu dæmdir verða og tortímast.
—2Pt 3:7

Þeir munu sæta hegningu, eilífri glötun, fjarri augliti Drottins og fjarri dýrð hans og mætti.
—2P 1:9

„Ef hönd þín eða fótur tælir þig til falls, þá sníð hann af og kasta frá þér. Betra er þér handarvana eða höltum inn að ganga til lífsins en hafa báðar hendur og báða fætur og verða kastað í hinn eilífa eld.”

—Mt 18:8

„Og þeir munu fara til eilífrar refsingar, en hinir réttlátu til eilífs lífs.”

—Mt 25:46

„Því að hann hefur sett dag, er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhugað, dæma heimsbyggðina með réttvísi. Þetta hefur hann sannað öllum mönnum með því að reisa hann frá dauðum.”

—P 17:31

Þannig veit Drottinn, hvernig hann á að hrífa hina guðhræddu úr freistingu, en refsa hinum ranglátu og geyma þá til dómisdags.

—2Pt 2:9

Með því er kærleikurinn orðinn fullkominn hjá oss, að vér höfum djörfung á degi dómsins, því að vér erum í þessum heimi eins og hann er.

—1Jh 4:17

Því að öllum oss ber að birtast fyrir dómstóli Krists, til þess að sérhver fái það endurgoldið, sem hann hefur aðhafst í líkamanum, hvort sem það er gott eða illt.

—2Kor 5:10

Og ég sá þá dauðu, stóra og smáa, standa frammi fyrir hásetinu, og bókum var lokið upp. Og annarri bók var lokið upp og það er lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum.

—Opb 20:12a

Því skal þá sérhver af oss lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig.

—Rm 14:12

24 NÁÐ JESÚ KRISTS

En náðargjöfinni og misgjörðinni verður ekki jafnað saman. Því að hafi hinir mörgu dáið sakir þess að einn féll, því fremur hefur náð Guðs og gjöf streymt ríkulega til hinna mörgu í hinum eina manni Jesú Kristi, sem er náðargjöf Guðs. —Rm 5:15

Vér trúum þó því, að vér verðum hólpnir fyrir náð Drottins Jesú á sama hátt og þeir. —P 15:11

„Guð stendur gegn dramblátum, en auðmjúkum veitir hann náð”. —1Pt 5:5b

Þér þekkið náð Drottins vors Jesú Krists. Hann gjörðist fátækur yðar vegna, þótt ríkur væri, til þess að þér auðguðust af fátækt hans. —2K or 8:9

En þar sem syndin jókst, þar flóði náðin yfir enn meir. Og eins og syndin ríkti í dauðanum, svo skyldi og náðin ríkja fyrir réttlæti til eilífs lífs í Jesú Kristi, Drottni vorum. —Rm 5:20b, 21

Postularnir báru vitni um uppreisnu Drottins Jesú með miklum krafti, og mikil náð var yfir þeim öllum. —P 4:33

„Guð, sem hefur umborið tíðir vanvisskunnar, boðar nú mönnum, að þeir skuli allir hvarvetna taka sinnaskiptum.”

—P 17:30

„Nei, segi ég yður, en ef þér gjörið ekki iðrun, munuð þér allir farast eins.”

—Lk 13:3

Hann sagði: „Gjörið iðrun, himnaríki er í nánd.”

—Mt 3:2

Pétur sagði við þá: „Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda. Gjörið því iðrun og snúið yður,

að syndir yðar verði afmáðar.”

—P 2:38; 3:19

„Varpið frá yður öllum syndum yðar, er þér hafið drýgt í gegn mér, og fáíð yður nýtt hjarta og nýjan anda.”

—Esk 18:31a

Sá sem dylur yfirsjónir sínar, verður ekki lángefinn, en sá sem játar þær og lætur af þeim, mun miskunn hljóta.

—Ok 28:13

Sú hryggð, sem er Guði að skapi, vekur afturhvarf til hjálpræðis, sem engan iðrar, en hryggð heimsins veldur dauða.

—2Kor 7:10

„Ef hinn óguðlegi hverfur frá öllum syndum sínum, sem hann hefir drýgt, og heldur öll mín boðorð og iðkar rétt og réttlæti, þá skal hann vissulega lífi halda og ekki deyja.” —Esk 18:21

Hinn óguðlegi láti af breytni sinni og illvirkinn af vélráðum sínum og snúi sér til Drottins, þá mun hann miskunna honum, til Guðs vors, því að hann fyrirgefur ríkulega. —Jes 55:7

„Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra, þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður.” —Mt 6:14

Þá er Jesús sér trú þeirra, segir hann við lama manninn: „Barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar.” —Mk 2:5

„Að yður er fyrir hann boðuð fyrirgefning syndanna; Hann hefur Guð hafið sér til hægri handar og gjört hann að foringja og frelsara til að veita Ísrael afturhvarf og fyrirgefningu synda sinna.” —P 13:38b; 5:31

„Og að prédika skuli í nafni hans öllum þjóðum iðrun til fyrirgefningar synda og byrja í Jerúsalem.” —Lk 24:47

LYSTISEMDIR HEIMSINS YFIRGEFNAR 27

Því að náð Guðs hefur opinberast til sáluhjálpar öllum mönnum. Hún kennir oss að afneita óguðleik og veraldlegum girndum og lifa hóglátlega, réttvíslega og guðrækilega í heimi þessum.

—Tt 2:11, 12

Hugsið um það, sem er hið efra, en ekki um það, sem á jörðinni er.

—Kól 3:2

Eigið engan hlut í verkum myrkursins, sem ekkert gott hlýst af, heldur flettið miklu fremur ofan af þeim. —Ef 5:11

Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru.

Sá sem elskar heiminn, á ekki í sér kærleika til föðurins. Því að allt það, sem í heiminum er, fýsn holdsins og fýsn augnanna og auðæfa-oflæti, það er ekki frá föðurnum, heldur er það frá heiminum. —1 Jh 2:15, 16

Þér ótrúu, vitið þér ekki, að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem því vill vera vinur heimsins, hann gjörir sig að óvini Guðs. —Jk 4:4

„Þvoið yður, hreinsið yður. Takið illskubreytni yðar í burt frá augum mínum. Látið af að gjöra illt.“ —Jes 1:16

„Og ég mun gefa yður nýtt hjarta og leggja yður nýjan anda í brjóst, og ég mun taka steinhjartað úr líkama yðar og gefa yður hjarta af holdi.” —Esk 36:26

Þér vitið, að hann er réttlátur. Þá skiljið þér einnig, að hver sem iðkar réttlætið, er fæddur af honum. Vér vitum, að hver sem af Guði er fæddur syndgar ekki, sá sem af Guði er fæddur varðveitir hann og hinn vondi snertir hann ekki. —1Jh 2:29; 5:18

Jesús svaraði honum: „Sannlega, sannlega segi ég þér: Eng-

inn getur séð Guðs ríki, nema hann fæðist að nýju.” —Jn 3:3

Þér eruð helgaðir, þér eruð réttlættir fyrir nafn Drottins Jesú Krists og fyrir anda vors Guðs. —1Kor 6:11b

Ef einhver er í Kristi, er hann skapaður á ný, hið gamla varð að engu, sjá, nýtt er orðið til. —2Kor 5:17

Þér eruð endurfæddir, ekki af forgengilegu sæði, heldur ófor-gengilegu, fyrir orð Guðs, sem lifir og varir. —1Pt 1:23

DÁINN SYNDINNI — UPPRISINN Í KRISTI 29

Þér voruð eitt sinn dauðir vegna afbrota yðar og synda. Guð hefur uppvakið oss í Kristi Jesú og búið oss stað í himinhæðum með honum. —Ef 2:1, 6

Hann bar sjálfur syndir vorar á líkama sínum upp á tréð, til þess að vér skyldum deyja frá syndunum og lifa réttlætinu. Fyrir hans benjar eruð þér læknaðir. —1Pt 2:24

Fyrst þér því eruð uppvaktir með Kristi, þá keppist eftir því, sem er hið efra, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs. Hugsið um það, sem er hið efra, en ekki um það, sem á jörðinni er. Því að þér eruð

dánir og líf yðar er fólgið með Kristi í Guði. Þegar Kristur, sem er líf yðar, opinberast, þá munuð þér og ásamt honum opinberast í dýrð. —Kól 3:1-4

En þeir, sem tilheyra Kristi Jesú, hafa krossfest holdið með ástríðum þess og girndum. Fyrst andinn er líf vort skulum vér lifa í andanum! —Gl 5:24, 25

Fjarri fer því. Vér sem dóum syndinni, hvernig ættum vér framar að lifa í henni? Þannig skuluð þér líka álíta yður sjálfa vera dauða syndinni, en lifandi Guði í Kristi Jesú. —Rm 6:2, 11

Sá sem sáir í hold sjálfs sín,
mun af holdinu uppskera glötun,
en sá sem sáir í andann, mun af
andanum uppskera eilíft líf.

—Gl 6:8

„Og eins og Móse hóf upp högg-
orminn í eyðimörkinni, þannig á
Mannssonurinn að verða upp
hafinn, svo að hver sem trúir hafi
eilíft líf í honum.” —Jn 3:14, 15

„En það er hið eilífa líf að
þekkja þig, hinn eina sanna Guð,
og þann sem þú sendir, Jesú
Krist.” —Jn 17:3

„Sá sem trúir á soninn, hefur
eilíft líf, en sá sem óhlýðnast syn-
inum, mun ekki sjá líf, heldur
varir reiði Guðs yfir honum.”

—Jn 3:36

... en náðargjöf Guðs er eilíft líf
í Kristi Jesú, Drottni vorum.

—Rm 6:23

„Sannlega, sannlega segi ég
yður: Sá sem heyrir orð mitt og
trúir þeim, sem sendi mig, hefur
eilíft líf og kemur ekki til dóms,
heldur er hann stigin yfir frá
dauðanum til lífsins.”

—Jn 5:24

FULLVISSA UM FRELSUN

31

Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, að vér erum Guðs börn.
—Rm 8:16

Og þetta er vitnisburðurinn, að Guð hefur gefið oss eilíft líf og þetta líf er í syni hans. Sá sem hefur soninn á lífið, sá sem ekki hefur Guðs son á ekki lífið. Eilíft líf þetta hef ég skrifað yður, sem trúið á nafn Guðs sonar, til þess að þér vitið, að þér hafið eilíft líf.
—1Jh 5:11-13

„Sá sem hefur boðorð mín og heldur þau, hann er sá sem elskar mig. En sá sem elskar mig, mun elskaður verða af föður mínum, og

ég mun elska hann og birta honum sjálfan mig.” —Jn 14:21

Og ávöxtur réttlætisins skal vera friður, og árangur réttlætisins rósemi og öruggleiki að eilífu.
—Jes 32:17

En þar eð þér eruð börn, þá hefur Guð sent anda sonar síns í hjörtu vor, sem hrópar: „Abba, faðir!”
—Gl 4:6

Vér þekkjum, að vér erum stöðugir í honum og hann í oss, af því að hann hefur gefið oss af sínum anda.
—1Jh 4:13

Og á því vitum vér, að vér þekkjum hann, ef vér höldum boðorð hans.
—1Jh 2:3

„Nú kem ég til þín. Þetta tala ég í heiminum, til þess að þeir eigi í sjálfum sér fögnuð minn fullkominn.”
—Jn 17:13

En ég mun sjá yður aftur, og hjarta yðar mun fagna, og enginn tekur fögnuð yðar frá yður.

—Jn 16:22b

Því að ekki er Guðs ríki matur og drykkur, heldur réttlæti, friður og fögnuður í heilögum anda.

—Rm 14:17

Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins.

—Jes 12:3

„Ég er krossfestur með Kristi.

Sjálfur lifi ég ekki framar, heldur lifir Kristur í mér. Lífinu, sem ég lifi nú hér á jörð, lifi ég í trúnni á Guðs son, sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig.”
—Gl 2:20

„Þetta hef ég talað til yðar, til þess að fögnuður minn sé í yður og fögnuður yðar sé fullkominn.”

—Jn 15:11

Þér hafið ekki séð hann, en elskið hann þó. Þér hafið hann ekki nú fyrir augum yðar, en trúið samt á hann og fagnið með óumræðilegri og dýrlegri gleði.

—1Pt 1:8

KÆRLEIKUR, PRÓF LÆRISVEINSINS 33

Pótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. —1Kor 13:1

En ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi. —Gl 5:22, 23a

Jesús sagði aftur við hann öðru sinni: „Símon Jóhannesson, elskar þú mig?” Hann svaraði: „Já, Drottinn, þú veist, að ég elska þig.” Jesús segir við hann: „Ver hirðir sauða minna.” —Jn 21:16

Ef einhver segir: „Ég elska

Guð,” og hatar bróður sinn, sá er lygari. Því að sá sem elskar ekki bróður sinn, sem hann hefur séð, getur ekki elskað Guð, sem hann hefur ekki séð. —1Jh 4:20

„Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.” —Jn 14:15

„Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars.” —Jn 13:35

Því að í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð. Og boðorð hans eru ekki þung. —1Jh 5:3

34 JÁTNING Á KRISTI, NAUÐSYNLEG

Og sérhver tunga játa Guði föður til dýrðar: Jesús Kristur er Drottinn. —Fl 2:11

Af þessu getið þér þekkt anda Guðs: Sérhver andi, sem játar, að Jesús sé Kristur kominn í holdi, er frá Guði. —1Jh 4:2

Hver sem játar, að Jesús sé Guðs sonur, í honum er Guð stöðugur og hann í Guði. —1Jh 4:15

Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn - og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi upp- vakið hann frá dauðum, muntu

hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.

—Rm 10:9, 10

Hver sem afneitar syninum hefur ekki heldur fundið föðurinn. Sá sem játar soninn hefur og fundið föðurinn. —1Jh 2:23

„En þann sem blygðast sín fyrir mig og mín orð, mun Mannsonurinn blygðast sín fyrir, er hann kemur í dýrð sinni og föðurins og heilagra engla.”

—Lk 9:26

HLÝÐNI VIÐ DROTTINN, NAUÐSYNLEG 35

Hann svaraði honum: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.’ Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð.”

—Mt 22:37, 38

Vitið þér ekki, að ef þér bjóðið öðrum sjálfa yður fyrir þjóna og hlýðið honum, þá eruð þér þjónar þess, sem þér hlýðið, hvort heldur er syndar til dauða eða hlýðni til réttlætis?

—Rm 6:16

En yður, sem þrengingu líðið, veitir hann hvíld ásamt oss, þegar Drottinn Jesús opinberast af himni með englum máttar síns. Hann

kemur í logandi eldi og lætur hegningu koma yfir þá, sem þekkja ekki Guð, og yfir þá, sem hlýða ekki fagnaðarerindinu um Drottin vorn Jesú.

—2P 1:7, 8

„En hví kallið þér mig herra, herra, og gjörið ekki það, sem ég segi?”

—Lk 6:46

„Sjá, ég legg fyrir yður í dag blessun og bölvun: blessunina, ef þér hlýðið skipunum Drottins Guðs yðar, sem ég býð yður í dag, en bölvunina, ef þér hlýðið ekki skipunum Drottins Guðs yðar og víkið af þeim vegi.” —5M 11:26-28a

Verið algáðir, vakið. Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt. Standið gegn honum, stöðugir í trúnni.

—1Pt 5:8, 9a

Þá leiddi andinn Jesú út í óbyggðina, að hans yrði freistað af djöflinum. En Jesús sagði við hann: „Vík brott, Satan! Ritað er: „Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum.”” Þá fór djöfullinn frá Jesú. Og englar komu og þjónuðu honum.

—Mt 4:1, 10, 11

Að lokum: Styrkist nú í Drottni

og í krafti máttar hans. Klæðist alvæpni Guðs, til þess að þér getið staðist vélabrögð djöfulsins. —Ef 6:10, 11

Þjófurinn kemur ekki nema til að stela og slátra og eyða. Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnægð. —Jn 10:10

Hann var manndrápari frá upphafi og aldrei í sannleikanum, því í honum finnst enginn sannleikur. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu, því hann er lygari og lyginna faðir.

—Jn 8:44b

Þar sem nú börnin eru af holdi og blóði, þá hefur hann og sjálfur fengið hlutdeild í mannlegu eðli á sama hátt, til þess að hann með dauða sínum gæti að engu gjört þann, sem hefur mátt dauðans, það er að segja djöfulinn.

—Heb 2:14

Hver sem synd drýgir heyrir djöflinum til, því að djöfullinn syndgar frá upphafi. Til þess birtist Guðs sonur, að hann skyldi brjóta niður verk djöfulsins.

—1Jh 3:8

„Að opna augu þeirra og snúa þeim frá myrkri til ljóss, frá

Satans valdi til Guðs, svo að þeir öðlist fyrir trú á mig fyrirgefningu syndanna og arf með þeim, sem helgaðir eru.” —P 26:18

Hver mun gjöra oss viðskila við kærleika Krists? Mun þjáning geta það eða þrenging, ofsókn, hungur eða nekt, háski eða sverð? Nei, í öllu þessu vinnum vér fullan sigur fyrir fulltingi hans, sem elskaði oss. —Rm 8:35, 37

Gefið yður því Guði á vald, standið gegn djöflinum, og þá mun hann flýja yður. Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgaast yður. —Jk 4:7, 8a

Þegar hann var upp risinn árla hinn fyrsta dag vikunnar, birtist hann fyrst Maríu Magdalenu, en út af henni hafði hann rekið sjö illa anda.
—Mk 16:9

„Vér erum vottar alls þess, er hann gjörði, bæði í landi Gyðinga og í Jerúsalem. Og hann hengdu þeir upp á tré og tóku af lífi. En Guð uppvakti hann á þriðja degi og lét hann birtast, ekki öllum lýðnum, heldur þeim vottum, sem Guð hafði áður kjörið, oss, sem átum og drukkum með honum, eftir að hann var risinn upp frá dauðum.”
—P 10:39-41

Að viku liðinni voru lærisveinar hans aftur saman inni og Tómas með þeim. Dyrnar voru læstar. Þá kemur Jesús, stendur mitt á meðal þeirra og segir: „Friður sé með yður!” Síðan segir hann við Tómas: „Kom hingað með fingur þinn og sjá hendur mínar, og kom með hönd þína og legg í síðu mína, og vertu ekki vantrúaður, vertu trúður.” Tómas svaraði: „Drottinn minn og Guð minn!”
—Jn 20:26-28

Hann sem var framseldur vegna misgjörða vorra og vegna réttlætningar vorrar uppvakinn.
—Rm 4:25

„Sú stund kemur og er þegar komin, að hinir dauðu munu heyra raust Guðs sonarins, og þeir, sem heyra, munu lifa. Undrist þetta ekki. Sú stund kemur, þegar allir þeir, sem í gröfunum eru, munu heyra raust hans og ganga fram, þeir, sem gjört hafa hið góða, munu rísa upp til lífsins, en þeir, sem drýgt hafa hið illa, til dómsins.”

—Jn 5:25b og 28, 29

Eða vitið þér ekki, að allir vér, sem skírðir erum til Krists Jesú, erum skírðir til dauða hans? Vér

erum því dánir og greftraðir með honum í skírninni, til þess að lifa nýju lífi, eins og Kristur var upp vakinn frá dauðum fyrir dýrð föðurins. Því að ef vér erum orðnir samgrónir honum í líkingu dauða hans, munum vér einnig vera það í líkingu upprisu hans.

—Rm 6:3-5

Ef andi hans, sem vakti Jesú frá dauðum, býr í yður, þá mun hann, sem vakti Krist frá dauðum, einnig gjöra dauðlega líkami yðar lifandi með anda sínum, sem í yður býr.

—Rm 8:11

Því að hann hefur vitjað lýðs síns og búið honum lausn, ...að hrífa oss úr höndum óvina og veita oss að þjóna sér óttalaust í heilagleik og réttlæti fyrir augum hans alla daga vora. —Lk 1:68b, 74, 75

Þar eð vér því höfum þessi fyrirheit, elskaðir, þá hreinsum oss af allri saurgun á líkama og sál og fullkomnum helgun vora í guðs-ótta. —2Kor 7:1

Að endingu biðjum vér yður, bræður, og áminnum í Drottni Jesú. Þér hafið numið af oss, hvernig yður ber að breyta og

þóknast Guði, og þannig breytið þér líka. En takið enn meiri framförum. Þér vitið, hver boðorð vér gáfum yður frá Drottni Jesú. Það er vilji Guðs, að þér verðið heilagir. Hann vill, að þér haldið yður frá frillulífi, að sérhver yðar hafi vit á að halda líkama sínum í helgun og heiðri. Ekki kallaði Guð oss til saurlifnaðar, heldur helgunar. —1P 4:1-4, 7

Verðið heldur sjálfir heilagir í allri hegðun, eins og sá er heilagur, sem yður hefur kallað. Ritað er: „Verið heilagir, því ég er heilagur.” —1Pt 1:15, 16

En nú, með því að þér eruð leystir frá syndinni, en eruð orðnir þjónar Guðs, þá hafið þér ávöxt yðar til helgunar og eilíft líf að lokum. —Rm 6:22

Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss í Kristi, til þess að vér værum heilagir og lýtalausir fyrir honum. Í kærleika sínum, ... íklæðast hinum nýja manni, sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans. —Ef 1:4; 4:24

Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að

hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.

—1Jh 1:9

Þar eð allt þetta ferst þannig, hversu ber yður þá ekki að ganga fram í heilagri breytni og guðrækni.

—2Pt 3:11

Stundið frið við alla menn og helgun, því að án hennar fær enginn Drottin litið.

—Heb 12:14

Tjáið Drottni dýrð þá er nafni hans hæfir, fallið fram fyrir Drottni í helgum skrúða.

—Sl 29:2

„Fyrst þér, sem eruð vondir, hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðirinn himneski gefa þeim heilagan anda, sem biðja hann.”
—Lk 11:13

Þegar þeir höfðu beðist fyrir, hrærðist staðurinn, þar sem þeir voru saman komnir, og þeir fylltust allir heilögum anda og töluðu orð Guðs af djörfung. —P 4:31

„Og ég mun leggja yður anda minn í brjóst og koma því til vegar, að þér hlýðið boðorðum mínum og varðveitið setninga mína og breytið eftir þeim.”
—Esk 36:27

En þér eruð ekki holdsins menn, heldur andans menn, þar sem andi Guðs býr í yður. En hafi einhver ekki anda Krists, þá er sá ekki hans.
—Rm 8:9

„En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir.”
—P 1:8a

En lærisveinarnir voru fylltir fögnuði og heilögum anda.
—P 13:52

Drekkið yður ekki drukkna af víni, það leiðir aðeins til spillingar. Fyllist heldur andanum. —Ef 5:18

DÁSAMLEG FYRIRHEIT HINNA KRISTNU 43

Ef réttlátir hrópa, þá heyrir Drottinn, úr öllum nauðum þeirra frelsar hann þá. —Sl 34:18

„Hönd mín hefir gjört allt þetta og þannig er það allt til orðið - segir Drottinn. Þeir sem ég lít til, eru hinir þjáðu og þeir er hafa sundurmarinn anda og skjálfa fyrir orði mínu.” —Jes 66:2

Jesús sagði við hann: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.” —Mk 9:23

Þér elskaðir, látið yður eigi undra eldraunina, sem yfir yður er komin yður til reynslu, eins og yður hendi eitthvað kynlegt.

Gleðjist heldur er þér takið þátt í þíslum Krists, til þess að þér einnig megið gleðjast miklum fögnuði við opinberun dýrðar hans. —1Pt 4:12, 13

„Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til. Hið fyrra er farið.” —Opb 21:4

Treyst Drottni og gjör gott, bú þú í landinu og iðka ráðvendni. —Sl 37:3

„En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.” —Mt 6:33

FYRIRHEIT ÞEIRRA, SEM FYRIR FREISTINGU VERÐA

Sjálfur hefur hann þjáðst og hans verið freistað. Þess vegna er hann fær um að hjálpa þeim, er verða fyrir freistingu. —Heb 2:18

Gangir þú gegnum vötnin, þá er ég með þér, gegnum vatnsföllin, þá skulu þau ekki flæða yfir þig. Gangir þú gegnum eld, skalt þú eigi brenna þig. —Jes 43:2a

Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistingu. Guð er trúr og lætur ekki freista yðar um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um,

að þér fáið staðist. —1Kor 10:13

Drottinn er nálægur þeim er hafa sundurmarið hjarta, þeim er hafa sundurkraminn anda, hjálpar hann. —Sl 34:19

Vér vitum, að þeim, sem Guð elska, samverkar allt til góðs, þeim sem kallaðir eru samkvæmt ákvörðun Guðs. —Rm 8:28

Ekki höfum vér þann æðsta prest, er eigi geti séð aumur á veikleika vorum, heldur þann, sem freistað var á allan hátt eins og vor, en án syndar. —Heb 4:15

„Sá er sigrar mun erfa þetta, og ég mun vera hans Guð og hann mun vera minn sonur.”

—Opb 21:7

„Þann er sigrar mun ég gjöra að stólpa í musteri Guðs míns, og hann skal aldrei þaðan út fara. Á hann mun ég rita nafn Guðs míns og nafn borgar Guðs míns, hinnar nýju Jerúsalem, er kemur af himni ofan frá Guði mínum, og nafnið mitt hið nýja.”

—Opb 3:12

„Sá er sigrar, hann skal þá skrýðast hvítum klæðum, og eigi mun ég afmá nafn hans úr bók lífsins. Ég mun kannast við nafn

hans fyrir föður mínum og fyrir englum hans.”

—Opb 3:5

„Þann er sigrar mun ég láta sitja hjá mér í háseti mínu, eins og ég sjálfur sigraði og settist hjá föður mínum í háseti hans.”

—Opb 3:21

„Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað andinn segir söfnuðunum. Þeim er sigrar, honum mun ég gefa að eta af lífsins tré, sem er í Paradís Guðs.”

—Opb 2:7

„Þeim er sigrar og varðveitir allt til enda verk mín mun ég gefa vald yfir heiðingjunum.”

—Opb 2:26

Peim, sem gengið hafa í hjónaband, býð ég, þó ekki ég, heldur Drottinn, að konan skuli ekki skilja við mann sinn, - en hafi hún skilið við hann, þá sé hún áfram ógift eða sættist við manninn -, og að maðurinn skuli ekki heldur skilja við konuna. Konan er bundin, meðan maður hennar er á lífi. En ef maðurinn deyr, er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, aðeins að það sé í Drottni. —1Kor 7:10, 11, 39

Gift kona er að lögum bundin manni sínum, meðan hann lifir.

En deyi maðurinn, er hún leyst undan lögmálinu, sem bindur hana við manninn. Því mun hún hórkona teljast, ef hún, að mannum lifandi, verður annars manns. En deyi maðurinn er hún laus undan lögmálinu, svo að hún er ekki hórkona, þótt hún verði annars manns.

—Rm 7:2, 3

„Hver sem skilur við konu sína og gengur að eiga aðra, drýgir hór, og hver sem gengur að eiga konu, sem skilin er við mann, drýgir hór.” —Lk 16:18

„Þegar ég er farinn burt og hef búið yður stað, kem ég aftur og tek yður til mín, svo að þér séuð einnig þar sem ég er.” —Jn 14:3

„Þá mun tákn Mannssonarins birtast á himni, og allar kynkvíslir jarðarinnar hefja kveinstafi. Og menn munu sjá Mannssoninn koma á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð.”

—Mt 24:30

Þér elskaðir, nú þegar erum vér Guðs börn, og það er enn þá ekki orðið bert, hvað vér munum verða. Vér vitum, að þegar hann

birtist, þá munum vér verða honum líkir, því að vér munum sjá hann eins og hann er. Hver sem hefur þessa von til hans hreinsar sjálfan sig, eins og Kristur er hreinn.

—1Jh 3:2, 3

„Verið þér og viðbúnir, því að Mannssonurinn kemur á þeirri stundu, sem þér ætlið eigi.”

—Lk 12:40

„Mannssonurinn mun koma í dýrð föður síns með englum sínum, og þá mun hann gjalda sérhverjum eftir breytni hans.”

—Mt 16:27

48 ORÐ GUÐS

„Himinn og jörð munu líða undir lok, en orð mín munu aldrei undir lok líða.” —Lk 21:33

Því að aldrei var nokkur spádómur borinn fram að vilja manns, heldur töluðu menn orð frá Guði, knúðir af heilögum anda. —2Pt 1:21

Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til fræðslu, til umvöndunar, til leiðréttingar, til menntunar í réttlæti. —2Tm 3:16

Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum. —Sl 119:105

BIÐJIÐ OG FYRIRGEFIÐ

„En þannig skuluð þér biðja: Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni. Gef oss í dag vort daglegt brauð. Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum. Og eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu. [Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu, amen.] Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra, þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður. En ef þér fyrirgefið ekki öðrum, mun faðir yðar ekki heldur fyrirgefa misgjörðir yðar.” —Mt 6:9-15

HJÁLPRÆÐISLEIÐ GUÐS

ÉG ÞARF FRELSARA.

Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. —Rm 3:23

Það eru misgjörðir yðar, sem skilnað hafa gjört milli yðar og Guðs yðar. —Jes 59:2a

KRISTUR DÓ FYRIR MIG.

Kristur dó í eitt skipti fyrir öll fyrir syndir, réttlátur fyrir rangláta, til þess að hann gæti leitt yður til Guðs. —1Pt 3:18a

ÉG ÞARF AÐ IÐRAST SYNDA MINNA.

Sá sem dylur yfirsjónir sínar, verður ekki lángefinn, en sá sem játar þær og lætur af þeim, mun miskunn hljóta. —Ok 28:13

Gjörið því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði afmáðar. —P 3:19

ÉG ÞARF AÐ TAKA Á MÓTI JESÚ Í TRÚ.

En öllum þeim, sem tóku við honum, gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim, er trúa á nafn hans. —Jn 1:12

ÉG GET VERIÐ VISS UM FRELSUN MÍNA.

Sá sem hefur soninn á lífið.

—1Jh 5:12a

„Sannlega, sannlega segi ég yður: Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim, sem sendi mig, hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms, heldur er hann stigin yfir frá dauðanum til lífsins.”

—Jn 5:24

Published in numerous languages as God supplies funds in answer to prayer. If you would like more copies for prayerful distribution, write in English. Specify which language(s) you need and how many booklets.

World Missionary Press, PO Box 120, New Paris, IN 46553-0120 USA



Read booklets online or by App

www.wmp-readonline.org

310 Icelandic HFA